

Íþróttta- og tómstundaráð Reykjavíkur



Rekstraruppgjör 2002

Reykjavík, 19. febrúar 2002



Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
SAMANTEKT	3
REKSTUR ÍTR 2002.....	4
FLUTNINGUR FJÁRMAGNS MILLI ÁRA	4
UPPGJÖR SÖLUSTARFSEMI.....	5
SUNDURLIÐUN REKSTRAR Á KOSTNAÐARSTAÐL.....	6
ÁHALDAKAUP	8
SKÝRINGAR Á FRÁVIKUM FRÁ FJÁRHAGSÁÆTLUN ÍTR.....	9
KYNNINGARMÁL	9
KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL (I2010).....	9
ÆSKULÝÐSMÁL OG TÓMSTUNDAMÁL	9
BORGARHLUTI 3 - BREIÐHOLT.....	9
(I3010, I3012, I3013, I3060)	9
BORGARHLUTI 3 – ÁRBÆR (I3040, I3042, I3043).....	9
ÍÐRÓTTAMÁL	10
LAUGARDALSLAUG (I5000).....	10
VESTURBÆJARLAUG (I5010)	11
SUNDHÖLL (I5020).....	11
BREIÐHOLTSLAUG (I5030).....	11
ÍÐRÓTTAHÚSIÐ AUSTURBERG (I5031).....	12
ÁRBÆJARLAUG (I5040).....	12
GRAFARVOGSLAUG (I5050)	12
ÍÐRÓTTAHÚS Í GRAFARVOGI (I5051).....	13
ÍÐRÓTTAMIÐSTÖÐIN KLÉBERGI (I5060)	13
YLSTRÖND Í NAUTHÓLSVÍK (I5080)	14
LAUGARDALSHÖLL (I5200).....	14
SKÍÐASVÆÐI (I6500, I6600, I6700).....	14
ANNAD	14
HÁTÍÐARHÖLD 17. JÚNÍ (I8000)	14
FÓLKVANGUR (I8250).....	15
FJÓLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN (I8400).....	15
SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR (I8460).....	15
TÆKNIDEILD (I8460).....	15
BUNÐNIR LIÐIR	16
FRÍSTUNDAHEIMILI (7100)	16



Samantekt

Rekstrarafkoma ÍTR árið 2002 er ekki í samræmi við þær væntingar sem gerðar voru af yfir-
stjórn stofnunarinnar í upphafi ársins. Endurskoðaður fjárhagsrammi fyrir árið 2002 var
1.670.059.633 en rekstrarniðurstaða varð 1.704.436.092. Halli ársins varð 33.776.439 eða
2,02%.

Á árinu 2001 var rekstrarformi skíðasvæða breytt þannig að sett var á stofn sérstök rekstrar-
stjórn og sérstakur framkvæmdastjóri var ráðinn fyrir öll svæðin. Í upphafi árs 2003 var
undirritaður þjónustusamningur milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um rekstur Bláfjalla
og Skálafells. Í kjölfar þess var bókhald skíðasvæðanna aðskilið bókhaldi ÍTR og er rekstur
skíðasvæðanna ekki hluti af ársreikningi ÍTR heldur er birtur sérstakur ársreikningur fyrir þau.
Skíðavæðið við Hengil er þó inni í ársreikningi ÍTR þar sem rekstur þess er alfarið á vegum
Reykjavíkurborgar.

Við uppgjör ársins 2001 voru frávik frá rekstraráætlun einstakra kostnaðarstaða og áhalda-
kaupa flutt að hluta til á milli ára. Við uppgjör fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir að frávik frá
rekstri verði að fullu flutt á milli ára í samræmi við leikreglur Reykjavíkurborgar þar um.
Tekið er þó tillit til aðstæðna fyrir hverja starfseiningu og þá fyrst og fremst litið til þess hvort
frávik eru tilkomin vegna reglulegrar starfsemi eða vegna einstakra tilvika.

Eins og áður skera nokkrir starfsstaðir sig úr hvað frávik varðar. Þeir starfsstaðir sem sýna
hvað bestu rekstrarafkomu eru: Frístundamiðstöðin Miðberg, Vesturbæjarlaug, Árbæjarlaug
og Íþróttahúsið í Seljahverfi.

Nokkrir starfsstaðir sýna mun lakari árangur en vænst var en þeir eru: Skrifstofa ÍTR,
Frístundamiðstöðin Ársel, Sundhöll, Íþróttamiðstöðin við Austurberg, Klébergslaug,
Ylströnd, Laugardalshöll, Íþróttastarfsemi fyrir aldraða, menningartengd starfsemi og 17. júní.

Nokkuð ber á því að frávik eru rakin til þess að ráðist hafi verið í viðhaldsaðgerðir innan og
utanhúss sem gjaldfærðar hafa verið á rekstri. Ekki er gert ráð fyrir því í rekstraráætlunum
starfsstaða ÍTR að fjármagn fari til viðhalds mannvirkja nema að litlu leiti. Forstöðumenn
verða þó að leita heimilda til stærra viðhalds sem hefur veruleg áhrif á rekstrarafkomu og ekki
hefur verið gert ráð fyrir í rekstraráætlunum. Að öðrum kosti er einungis verið að taka "lán"
sem ekki er tryggt að fáið fjárveiting fyrir við næstu fjárhagsáætlun.

Í framhaldi af rekstraruppgjöri ÍTR fyrir árið 2002 er nauðsynlegt að taka hluta
fjárhagsáætlunar stofnunarinnar fyrir árið 2003 til endurskoðunar. Undirritaðir gera tillögu
um að áætlanir einstakra starfsstaða fyrir árið 2003 verði teknar til endurskoðunar og þeirri
endurskoðun verði lokið fyrir 11. apríl.

Margir stjórnendur ÍTR hafa sýnt snerpu, árvekni og sveigjanleika í rekstri starfsstaða sinna,
og í auknum mæli líta þeir á sig sem hluta af því liði sem ÍTR teflir fram. Betur má þó ef
duga skal og mun stofnunin vinna að því að veita stjórnendum sem besta þjónustu á sem
hagkvæmasta hátt.

Sérstök skýrsla verður gerð um framgang starfsáætlana ÍTR fyrir árið 2002 og verður hún
fylgiskjal með þessari skýrslu.

Skúli Skúlason
fjármálastjóri

Ómar Einarsson
framkvæmdastjóri



Rekstur ÍTR 2002

Árið 2002 var ÍTR úthlutað af borgarráði fjárhagsramma að fjárhæð 1.607.400.000. Á grundvelli þeirrar úthlutunar skiluðu ábyrgðarmenn kostnaðarstaða tillögum um útfærslu rammans og tilfærslur á fjármunum, beiðnum um breytingu á ramma og jafnvel endurskoðun á starfsemi. Í framhaldi af því var stillt upp endanlegri fjárhagsáætlun.

Við endurskoðun á fjárhagsramma ÍTR á árinu urðu breytingar á ramma stofnunarinnar vegna eftirfarandi þátta og breyttist áætlunin í samræmi við það;

• Ákvarðanir kjaranefndar	190.000
• Hitt Húsið – húsaleiga	14.312.000
• Hitt Húsið – vinnumiðlun	3.115.000
• Afturköllun gjaldskrár í sumarstarfi	1.000.000
• Frístundaheimili í Breiðholti	6.780.000
• Frístundaheimili í borgarhluta 1 og 3	21.400.000
• Atvinnumál skólanema	49.203.000
• Fjárveiting vegna fasteignagjalda brunatrygginga flutt	-16.740.367
• Fjárveiting vegna ófyrirséðs viðhalds flutt úr ramma ÍTR	<u>-16.000.000</u>

Breytingar á fjárhagsáætlun samtals 63.259.633

Fjárhagsáætlun ÍTR með styrkjum (bundnum liðum) fyrir árið 2002 var eins og áður segir 1.607.400.000.. Endurskoðuð fjárhagsáætlun að teknu tilliti til aukafjárveitinga var samtals 1.670.659.633. Niðurstaða varð 1.704.436.092 eða 33.776.459 hærri en endurskoðuð fjárhagsáætlun 2002 (2,02%).

Áætlun vegna rekstrarútgjalda (brúttó án bundinna liða) áður en tekið var tillit til tekna 1.538.470.000 í endurskoðaðri áætlun 1.595.729.644 en urðu 1.752.220.922. Tekjur voru áætlaðar 526.470.000, í endurskoðaðri áætlun 526.470.011 en urðu 651.948.537.

Rekstraráætlun nettó (fjárhagsáætlun – án bundinna liða) var kr. 1.012.000.000. Endurskoðuð rekstraráætlun að teknu tilliti til aukafjárveitinga var 1.069.259.633. Rekstrarkostnaður varð 1.100.268.638 eða 31.009.005 hærri en endurskoðuð fjárhagsáætlun rekstrar (2,90%).

Fjárhagsáætlun vegna bundinna liða var 580.000.000. Endurskoðuð áætlun var 601.400.000. Niðurstaða varð 604.167.454. Frávik á bundnum liðum eru vegna frístundaheimilis, sjá nánar skýringar einstakra starfseininga síðar.

Flutningur fjármagns milli ára

Samtals eru 68 kostnaðarstaðir í ársreikningi ÍTR árið 2002. Þrjátíu og tveir þeirra eru með uppsafnaðan halla, og munu flytja hann með sér milli ára en þeir voru 18 árið 2001. Halli



þeirra er mjög mismunandi, allt frá því að vera nokkur þúsund krónur í allt að 6,7 m.kr. Samtals nemur halli þessara kostnaðarstaða um 65,9 m.kr.

Fjöldi óbundinna liða sem var undir áætlun og skilar afgangi er á 20 kostnaðarstöðum en var 29 árið 2001. Þeir skila samtals 41,9 m.kr. í afgang.

Nettófrávik uppsöfnuð fyrir árin 2001 og 2002 eru því 24 m.kr.

Eins og áður hefur komið fram verður afgangur/halli fluttur að fullu á milli ára, en gert er ráð fyrir því að meta hvert tilvik fyrir sig með tilliti til forsendna fyrir frávikum.

Stefnt er að því hjá ÍTR að halli hvers kostnaðarstaðar verði gerður upp á árinu 2003. Í sumum tilvikum mun það ekki reynast mögulegt og er í þeim tilvikum gerð sérstök tillaga um dreifingu endurgreiðslu halla á lengri tíma.

Uppgjör sölustarfsemi

Uppgjör vörusölu á starfsstöðum ÍTR 2002.

Sala	Laugardals- laug	Vesturbæjar- laug	Sundhöll	ÍMA	Árbæjar-laug	IMG	IMK	Laugar- dalshöll	ÍMS	Ylströnd	Fjölskyldu- og húsd.garður
	11.066.596	1.148.613	775.008	3.861.251	18.607.850	10.906.259	232.720	334.801	410.849	2.354.404	22.384.976
Birgðir 1/1	946.003	109.937	186.333	237.005	630.998	255.123	27.964	22.318	72.818	11.480	469.943
Innkaup	8.311.531	786.915	512.290	2.831.372	12.515.152	7.140.534	198.483	223.988	272.459	1.484.148	12.678.902
Birgðir 31/12	(1.453.919)	(160.362)	(132.448)	(307.318)		(269.840)		(20.387)	(12.973)		(383.173)
KSV	7.803.615	736.490	566.175	2.761.059	13.146.150	7.125.817	226.447	225.919	332.304	1.495.628	12.765.672
Álagning	3.262.981	412.123	208.833	1.100.192	5.461.700	3.780.442	6.273	108.882	78.545	858.776	9.619.304
Álagning %	41,8%	56,0%	36,9%	39,8%	41,5%	53,1%	2,8%	48,2%	23,6%	57,4%	75,4%
Álagning % '01	34,0%	33,9%	37,4%	32,0%	40,4%	40,3%	6,0%	37,2%	67,4%	49,3%	81,7%



Sundurliðun rekstrar á kostnaðarstaði

Rekstrarniðurstaða ÍTR 2002	Kostn.st.	Tekjur	Laun og launa- tengd gjöld	Annar rekstrar- kostnaður	Mismunur	Fjárh.áætl. (í þús. kr.)	Flutt frá fyrri ári	Til ráðstöfunar
Skrifstofa ÍTR:								
Íþrótt- og tómstundaráð (nefnd)	I1990	0	2.707.042	1.891.241	4.598.283	4.710	0	4.710
Skrifstofa ÍTR	I2000	0	72.291.064	4.966.179	77.257.243	76.700	2.712-	73.988
Kynningar- og markaðsmál	I2010	2.568.632	1.488.258	19.254.547	18.174.173	19.000	2.152-	16.848
Fræðsla og jafnréttismál	I2020	504.866	11.521.824	8.422.898	19.439.856	19.130	304	19.434
Rannsóknir og kannanir	I2030	0	136.083	5.928.502	6.064.585	6.300	233-	6.067
Atvinnumál skólafólks	I2051	0	13.282.489	49.106.162	62.388.651	62.389	0	62.389
		3.073.498	101.426.760	89.569.529	187.922.791	188.229	4.792-	183.437
Borgarhluti 1 (Vesturbær, pnr. 101, 105, 107)								
Félagsmiðstöðin Frostaskjól	I3050	873.635	12.516.468	10.368.442	22.011.275	22.859	350-	22.509
Vesturbær - vetrarstarfsemi	I3052	491.006	7.058.255	341.751	6.909.000	6.090	0	6.090
Vesturbær - sumarstarfsemi	I3053	4.487.054	10.855.514	2.578.460-	3.790.000	3.790	0	3.790
Vesturbæjarlaug	I5010	48.081.851	39.046.727	22.040.129	13.005.005	17.125	5.004	22.130
Sundhöll	I5020	32.919.357	38.943.812	10.670.747	16.695.202	14.790	117-	14.673
Þjónusta við félög	I5402	0		3.670.980	3.670.980	5.960	0	5.960
Hverfastarf	I7500	0	3.455.914	1.972.287	5.428.201	4.410	0	4.410
Húsaleigu- og æfingastyrkir (KR, Valur)	I9320	0		82.188.408	82.188.408	77.000	0	77.000
		86.852.903	111.876.690	128.674.284	153.698.071	152.024	4.538	156.562
Borgarhluti 2 (Austurbær frá Lönguhlíð að Elliðaám, pnr. 103, 104, 105,108)								
Félagsmiðstöðin Tónabær	I3000	2.698.859	21.490.503	9.649.692	28.441.336	22.707	25-	22.681
Félagsmiðstöðin Bústaðir	I3020	1.776.903	14.008.124	7.489.355	19.720.576	23.046	214-	22.832
Félagsmiðstöðin Þróðheimar	I3030	1.538.444	16.065.999	4.203.809	18.731.364	20.638	236	20.874
Austurbær - vetrarstarfsemi	I3022	1.129.500	7.791.417	7.708.083	14.370.000	14.370	0	14.370
Austurbær - sumarstarfsemi	I3023	5.324.136	13.752.109	5.019.499-	3.408.474	3.408	0	3.408
Laugardalslaug	I5000	99.169.938	94.553.226	41.520.139	36.903.427	29.698	1.577	31.275
Þjónusta við félög	I5402	0		6.734.810	6.734.810	9.580	0	9.580
Hverfastarf	I7500	0		6.056.547	6.056.547	4.850	0	4.850
Húsaleigu- og æfingastyrkir	I9320	0		178.657.000	178.657.000	181.000	0	181.000
(Ármann, Fram, Víkingur, Þróttur)								
		111.637.780	167.661.378	256.999.936	313.023.534	309.298	1.574	310.872
Borgarhluti 3 (Breiðholt og Árbær, pnr. 109, 110, 111, 113)								
Félags- og upplýsingamiðstöðin Miðberg	I3010	1.999.331	23.612.611	2.555.736	24.169.016	28.392	819-	27.573
Fristundaheimili í Breiðholti	I3011	4.733.761	14.746.083	2.548.409	12.560.731	14.500	1.987-	12.513
Breiðholt - vetrarstarfsemi	I3012	859.020	9.276.476	8.122.544	16.540.000	16.540	0	16.540
Breiðholt - sumarstarfsemi	I3013	4.294.335	11.012.725	4.958.390-	1.760.000	1.760	0	1.760
Félagsmiðstöðin Ársel	I3040	3.909.764	22.889.880	8.378.255	27.358.371	25.585	227-	25.358
Árbær - vetrarstarfsemi	I3042	241.350	1.554.151	3.167.199	4.480.000	4.480	0	4.480
Árbær - sumarstarfsemi	I3043	349.043	4.676.418	2.967.375-	1.360.000	1.360	0	1.360
Félagsmiðstöðin Hólmasel	I3060	1.876.552	10.637.150	7.697.184	16.457.782	16.094	364	16.458
Breiðholtslaug	I5030	47.022.087	56.699.583	19.688.833	29.366.329	23.947	1.279-	22.668
Íþróttahúsið Austurberg	I5031	15.224.997	9.169.709	4.217.271	1.838.017-	3.781-	1.291	-2.490
Árbæjarlaug	I5040	78.034.271	68.905.952	46.611.419	37.483.100	42.912	629-	42.283
Íþróttahús í Seljahverfi	I5220	18.627.040	14.159.644	3.692.581	774.815-	22	427	448
Skíðasvæði innan hverfa	I5401	0		4.036.222	4.036.222	2.844	861	3.705
Þjónusta við félög	I5402	0		4.523.799	4.523.799	6.050	0	6.050
Gervigrasvöllur við Austurberg	I5411	10.000.000	272.166	9.727.834	0	0	0	0
Hverfastarf	I7500	0		3.089.362	3.089.362	5.510	0	5.510
Húsaleigu- og æfingastyrkir (Fylkir, Leiknir, ÍR)	I9320	0		106.154.000	106.154.000		0	100.000
		187.171.550	247.612.548	226.284.882	286.725.880	286.215	1.998-	284.217



	Kostn.st.	Tekjur	Laun og launa- tengd gjöld	Annar rekstrar- kostnaður	Mismunur	Fjárh.áætl. (í þús. kr.)	Flutt frá fyrri ári	Til ráðstöfunar
Skíðasvæði								
Bláfjöll	16500	0		25.319.738	25.319.738	25.267	53	25.320
Skálafell	16600	0		18.903.761	18.903.761	20.205	1.301-	18.904
Hengilssvæði	16700	2.614.815	7.347.048	5.467.743	10.199.976	10.270	83	10.353
		2.614.815	7.347.048	49.691.242	54.423.475	55.741	1.164-	54.577
Miðlæg starfsemi								
Félagsstarf fyrir börn og unglinga	13510	977.700	1.494.883	8.762.211	9.279.394	8.460	771	9.231
Starfsemi fyrir fatlaða	13720	2.269.540	6.667.960	4.972.197	9.370.617	9.370	0	9.370
Sumargrín	13880	1.169.644	5.653.570	7.988.070	12.471.996	12.390	697	13.087
Sumarnámskeið fyrir börn	13910	20.400	3.965.598	5.643.981	9.589.179	10.000	440-	9.560
Hitt Húsið	14000	7.292.763	34.422.410	32.775.647	59.905.294	58.854	570	59.424
Atvinnu- og forvarnarverkefni	14005	20.444.021	20.936.109	15.400.438	15.892.526	16.560	346	16.906
Tipp Topp - miðstöð fatlaðra	14006	3.521.578	6.904.217	3.537.999	6.920.638	6.300	0	6.300
Ylströnd í Nauthólsvík	15080	3.011.698	12.288.609	4.024.745	13.301.656	11.650	418	12.068
Laugardalshöll	15200	33.170.712	19.929.693	11.845.624	1.395.395-	3.700-	1.236-	-4.936
Siglingar í Nauthólsvík	15300	4.475.680	15.432.861	7.164.010	18.121.191	17.347	18-	17.329
Þjónustumiðstöð	15400	4.340.430	11.518.289	15.881.187	23.059.046	18.440	29	18.469
Íþróttastarfsemi fyrir aldraða	15500	0	3.507.671	288.774	3.796.445	3.210	35	3.245
Heilsuborgin Reykjavík	15600	3.482.312	13.606	6.468.707	3.000.001	3.000	0	3.000
Þróunarverkefni	17550	342.750	7.596.504	3.523.208	10.776.962	10.450	7	10.457
Menningartengd starfsemi	17600	17.000-	173.579	7.811.214	8.001.793	6.940	63-	6.877
Hátíðahöld 17. júní	18000	25.000	3.151.287	14.654.985	17.781.272	16.020	1.181-	14.839
Fjölskyldu- og húsdýragarður	18400	81.617.263	97.560.447	47.132.984	63.076.168	60.814	6.367	67.181
Sameiginlegur kostnaður ÍTR	18460	5.576.294	11.451.759	20.152.158	26.027.623	18.326	2.439	20.765
Veikindi	18461	0	15.131.137	55.484	15.186.621	16.519	0	16.519
Tölvu- og tæknideild	18465	0	5.506.924	3.336.890	8.843.814	5.000	0	5.000
Styrkir til æskulýðs- og íþróttam.	19010	0		30.119.450	30.119.450	30.000	0	30.000
		171.720.786	283.307.113	251.539.964	363.126.291	335.950	8.740	344.690
Styrkir								
Byggingastyrkir	19300	0	0	134.840.592	134.840.592	140.000	0	140.000
Í.B.R. v/íþróttastarfsemi	19310	0	0	26.000.000	26.000.000	26.000	0	26.000
Húsaleigu- og æfingastyrkir	19320	5.122.781	0	424.282.189	419.159.408	414.000	0	414.000
		5.122.781	0	585.122.781	580.000.000	580.000	0	580.000
Húsaleigu- og æfingast. dreift í hverfi	19320	5.122.781-	0	0	419.159.408-	414.000-	0	414.000-
Útdeiling potta		0	0	9.712.003-	9.712.003-	16.000-	0	-16.000
Frístundaheimili		18.899.775	35.517.824	7.549.405	24.167.454	21.400	0	21.400
Æskulýðs-, tómstunda og íþróttamál samtals		670.876.312	1.099.959.406	1.699.635.187	1.704.436.092	1.670.660	7.032	1.677.692



Áhaldakaup

Fjárveiting til áhaldakaupa á árinu 2002 var 27.000.000. Niðurstaða varð 35.077.122. Halli frá fyrra ári var 4.035.049. Halli ársins 2002 varð 4.042.073.

Meginástæður halla ársins 2001 voru vegna tækjakaupa í tengslum við verkefnið rafrænt aðgöngukerfi. Á árinu 2002 birtast stærstu frávikin undir þeim lið einnig en 5,0 m.kr. sem gjaldfærðar voru á liðin er vegna smartkorta sem verða endurseld til viðskiptavina ÍTR og fleiri stofnana. Gert er ráð fyrir að sú endurgreiðsla komi á árinu 2003.

Afgangur af heimildum einstakra starfsstaða verður ekki fluttur á milli ára. Gjöld umfram áætlun verða aftur á móti endurkrafín ef rekja má ástæður frávika til ákvarðana stjórnenda.

Áhaldakaup hjá ÍTR árið 2002

	Áætlun	Staða
Árbæjarlaug	400.000	364.788
Borgarhluti 1 - æskulýðsmál	300.000	424.355
Borgarhluti 2 - æskulýðsmál	300.000	327.842
Borgarhluti 2 - æskulýðsmál	300.000	496.780
Borgarhluti 2 - æskulýðsmál	300.000	300.000
Borgarhluti 3/Árbær - æskulýðsmál	300.000	292.675
Borgarhluti 3/Breiðholt - æskulýðsmál	1.000.000	980.360
Borgarhluti 4 - æskulýðsmál	1.000.000	1.229.936
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	2.982.000	2.982.236
Fræðsludeild	700.000	480.222
Gæðahandbók		307.266
Hitt Húsið	500.000	732.341
Íþróttamiðstöðin Austurberg	300.000	310.892
Íþróttamiðstöðin Grafarvogi	300.000	466.950
Laugardalshöll	500.000	357.537
Laugardalslaug		116.156
Rafrænt aðgöngukerfi	8.000.000	12.245.331
Sameiginleg tölvumál	1.300.000	1.740.833
Siglingar í Nauthólsvík	1.500.000	1.494.336
Skrifstofa ÍTR	2.000.000	2.378.437
Sundhöllin		296.399
Tómstundastarf í skólum	400.000	384.597
Vesturbæjarlaug	400.000	400.000
Varasjóður	4.218.000	
Frjálsíþróttatæki - FRÍ		1.765.804
Leiktæki		16.000
Skálafell		150.000
<i>Flutt frá fyrra ári</i>		4.035.049
Samtals	27.000.000	35.077.122



Skýringar á frávikum frá fjárhagsáætlun ÍTR

Hér á eftir eru settar fram skýringar vegna þeirra kostnaðarstaða þar sem frávik eru frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Skýringar þessar eru byggðar á greinargerðum sem gerðar eru af ábyrgðarmönnum viðkomandi kostnaðarstaða og í sumum tilvikum af framkvæmdastjóra og fjármálastjóra sem einnig ritar viðauka við skýringar þar sem það á við.

Kynningarmál

Kynningar- og markaðsmál (I2010)

Rekstrarkostnaður vegna kynningarmála var áætlaður 19.000.000. Rekstrarniðurstaða varð 18.174.173 eða 825.827 lægri en áætlað var (-4,5%). Halli ársins 2001 var 2,1 m.kr. og því eru eftirstöðvar af halla nú um 1,3 m.kr.

Í kjölfar ákvörðunar borgarráðs um að fella niður heimild til ÍTR um hækkun gjaldskrár og dræmrar aðsóknar í sundlaugar fyrri hluta sumars var ráðist í sérstakt markaðsátak á haustmánuðum. Er það megin ástæða frávika á þessum lið.

Æskulýðsmál og tómstundamál

Fjárhagsáætlun til starfsemi fyrir börn og unglinga var sett fram með alveg nýjum hætti á árinu 2002. Var áætlun skipt upp í þrjár grunneiningar sem voru; frístundamiðstöð í hverjum borgarhluta, vetrarstarfsemi í hverfinu og sumarstarfsemi í hverfinu. Nokkrir örðugleikar sköpuðust þegar reyndi á að greina kostnaðinn á viðkomandi liði og var tekin ákvörðun um að leggja áherslu á að stjórnendur starfseminnar gerðu sér grein fyrir því hvernig kostnaðurinn myndaðist frekar en að halda stíft í skiptingu fjárhagsáætlunar. Því eru kostnaðarstaðir vegna þessarar starfsemi gerðir upp þannig að um samandregnar niðurstöður er að ræða og þannig gerður samanburður við samandregna fjárhagsáætlun.

Borgarhluti 3 - Breiðholt (I3010, I3012, I3013, I3060)

Rekstrarkostnaður vegna þeirrar æskulýðsstarfsemi sem rekin var í Breiðholti var áætlaður 62.786.356. Rekstrarniðurstaða varð 58.926.798 eða 3.859.558 lægri en áætlað var (-6,15%). Halli fyrir árs nam um 450 þ.kr. og uppsöfnuð frávik því 3,4 m.kr. afgangur.

Helstu ástæður frávika frá fjárhagsáætlun má rekja til aðhalds starfsmanna og endurskipulagningar starfsemi, með það að markmiði að auka kostnaðarvitund starfsmanna. Það er álit forstöðumanns staðarins að of langt hafi verið seilst í hagræðingarátt og oft á tíðum hafi einungis tveir starfsmenn verið á vakt þar sem áform um bakvaktir gengu ekki upp. Því má gera ráð fyrir að niðurstaða ársins gefi ekki tilefni til að ætla að um varanlega hagræðingu sé að ræða.

Forstöðumaður hefur skilað tillögum um ráðstöfun afgangss og er þeim vísað til framkvæmdastjóra.

Borgarhluti 3 – Árbær (I3040, I3042, I3043)

Rekstrarkostnaður Ársels var áætlaður 31.425.067. Rekstrarniðurstaða varð 33.198.371 eða 1.773.304 hærri en áætlað var (+5,64%). Halli ársins 2001 var 220 þ.kr. og því er uppsafnaður halli um 2,0 m.kr.

Skýringar forstöðumanns Ársels vegna frávika ársins felast í eftirfarandi atriðum:

- Rekstur sumarstarfs gekk ekki eins og vonir stóðu til um. Tekjur urðu minni en áætlað sem nam 670 þ.kr. en kostnaður jókst á sama tíma um 340 þ.kr.
- Einstök verkefni urðu dýrari en áætlaða var. M.a. aukið starf fyrir hópa, óvissuferð og ungmennaskiptaverkefni.
- Viðhaldskostnaður varð um 440 þ.kr. hærri en áætlað var.



Forstöðumaður hefur skilað tillögum um viðbrögð við halla og er þeim vísað til framkvæmdastjóra.

Athugasemd:

Rekstur Ársels er nú með halla annað árið í röð. Halli ársins 2002 verður að teljast verulegur og nauðsynlegt að bregðast við. Gera verður kröfu um að starfsemi eins og rekin er í félagsmiðstöðvum ÍTR sé ekki rekin með halla þar sem um mjög mikið svigrúm er að ræða í starfseminni. Auðvelt á að vera að hliðra til verkefnum í takt við þær fjárveitingar sem til ráðstöfunar eru. Forstöðumaður óskar eftir að fá að greiða niður uppsafnaðan halla á tveimur árum og er lagt til að þeirri beiðni verði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar ÍTR.

Íþróttamál

Endurskoðuð rekstraráætlun vegna íþróttamála (kostnaðarstaðir I5000 – I5600) var 245.006.792, en niðurstaða varð 258.442.556 eða 13.435.764 hærri en áætlað var (+5,48%). Heildarrekgjöld voru áætluð 699.596.793 en urðu 731.344.182. Heildartekjur voru áætlaðar 454.590.001 en urðu 472.901.626. Hér er fyrst og fremst um aukningu tekna í Vesturbæjarlaug, Grafarvogslaug, Ylströnd, Laugardalshöll og Siglingum að ræða.

Laugardalslaug (I5000)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 29.697.991. Rekstrarniðurstaða varð 36.903.427, eða 7.205.436 hærri en áætlað var (+24,26%). Afgangur árið 2001 var 1,6 m.kr. og uppsöfnuð frávik eru halli að fjárhæð 5,6 m.kr.

Halli rekstrarársins 2002 er þó í raun einungis 4,0 m.kr. þar sem uppgjör vegna ræstingabjónustu ISS hf. að fjárhæð 1,8 m.kr. frá árinu 2001 barst seint og gjaldfærðist á árið 2002 og orkukostnaður að fjárhæð 1,5 m.kr. sem einnig hefði átt að færast á árið 2001 en var gjaldfærður á árið 2002. Því var í raun halli á rekstrarárinu 2001 1,8 m.kr. í stað 1,5 m.kr. í afgang eins og ársreikningur 2001 sýnir.

Heildarrekgjöld voru áætluð 129.867.991 en urðu 136.073.365. Heildartekjur voru áætlaðar 100.170.000 en urðu 99.169.938.

Heildarrekgjöld hækka verulega á árinu. Þeking fer lækkandi og kostnaðarhlutur ÍTR af hverjum gesti fer hækkandi.

Samkvæmt upplýsingum forstöðumanns eru skýringar á frávikum eftirfarandi:

- Verulega aukinn kostnaður vegna starfsmannahalds vegna breytinga á fyrirkomulagi ræstinga.
- Forstöðumaður telur að með breytingu á fyrirkomulagi ræstinga hafi fjárhagsrammi til starfseminnar orðið fyrir raunlækkun sem ekki hafi verið bætt.
- Kostnaður vegna orkukaupa ársins 2001 færðist að hluta á árið 2002. Meðalkostnaður vegna orkukaupa er um 12,5 m.kr. síðustu fjögur ár en 14,2 m.kr. eru gjaldfærðar á árið 2002.
- Launatengd gjöld hafa hækkað sem hlutfall af launum. Ekki hafa breytingar á hlutfalli launatengdra gjalda verið bættar í ramma starfsstaða síðan árið 2001.

Forstöðumaður hefur skilað tillögum um viðbrögð við halla og er þeim vísað til framkvæmdastjóra.

Athugasemd:

Ljóst er að rekstrarkostnaður hefur verið að hækka í Laugardalslaug undanfarin tvö ár. Mannvirkið sætir nú miklu álagi og hefur greinilega orðið vart fækkunar gesta og lækkunar tekna. Ónæði og óhreinindi af völdum sands frá byggingarsvæði nýrrar sundlaugar veldur því að gestir hverfa nú frá og sækja aðrar laugar. Gera má ráð fyrir áframhaldandi tekjutapi og auknum kostnaði samfara því að kostnaður við þrif eykst.

Fjármálastjóri getur ekki fallist á að um raunlækkun á ramma hafi verið að ræða. Lækkun rekstrarframlags skýrist með aukinni tekjukröfu sem byggð var á rauntekjum undangenginna þriggja ára.

Halli ársins 2002 að teknu tilliti til kostnaðar sem í raun hefði átt að tilheyrja árinu 2001 er um 4,0 m.kr. Unnt er að færa sterk rök fyrir því að um 1,0 m.kr. hefði átt að færast á kostnað vegna nýrrar sundlaugar vegna aukins



kostnaðar sem ekki er unnt að telja til reglulegs rekstrarkostnaðar. Það er áhyggjuefni hvernig rekstrarforsendur laugarinnar eru nú að veikjast því jafnhliða því sem byggingaframkvæmdir standa nú yfir á lóð laugarinnar hefur vatnsrennibrautin verið lokað í nokkurn tíma. Þetta hefur skaðað starfsemina og ljóst er að gera þarf átak til að ná til baka mörgum gestum sem snúið hafa sér annað.

Einnig er áhyggjuefni stigvaxandi rekstrarkostnaður við starfsemina. Með tilliti til rekstrarniðurstöðu ársins 2002, endurmetinni afkomu ársins 2001 og horfa fyrir árið 2003 er mikilvægt að taka reksturinn til endurskoðunar og gera þarf nýja fjárhagsáætlun fyrir staðinn þar sem tekið er á þeim halla sem nú hefur myndast. Ekki er grundvöllur til að ætla að rekstur Laugardalslaugar geti borið uppsafnaðan halla að óbreyttu.

Vesturbæjarlaug (I5010)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 17.125.184. Rekstrarniðurstaða varð 13.005.005, eða 4.120.179 lægri en áætlað var (-24,06%). Afgangur frá árinu 2001 var 5,0 m.kr. og uppsafnaður afgangur er 9,1 m.kr.

Heildarrekrargjöld voru áætluð 60.365.182 en urðu 61.086.856. Heildartekjur voru áætlaðar 43.239.998, en urðu 48.081.851.

Þegar rekstraruppgjör ársins 2001 lá fyrir og ljóst var að afgangur að fjárhæð 5,0 m.kr. yrði fluttur á milli ára og á grundvelli mjög góðs rekstrarárangurs undangengin þrjú ár var gert samkomulag við forstöðumann um að frávik frá ramma árið 2002 yrðu ekki flutt á milli ára. Því er gert ráð fyrir að frávik fyrri árs að frádregnum kostnaði að fjárhæð 1,1 m.kr. vegna sérstakra framkvæmda í vélasal myndu flytjast á milli ára og mynda varasjóð í Vesturbæjarlaug.

Sundhöll (I5020)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 14.789.997. Rekstrarniðurstaða varð 16.695.202, eða 1.905.205 hærri en áætlað var (+12,88%). Halli ársins 2001 var 116 þ.kr. og uppsafnaður halli er 2,0 m.kr.

Heildarrekrargjöld voru áætluð 48.199.997 en urðu 49.614.559. Heildartekjur voru áætlaðar 33.410.000 en urðu 32.919.357.

Almennur rekstrarkostnaður er um 1,8 m.kr. hærri en áætlað var og skýrist að stærstum hluta af útgáfukostnaði en ráðist var í markaðsátak til að kynna laugina meðal íbúa og starfsmanna í nágrenni laugarinnar sem nam 770 þ.kr. og kostnaði vegna mannvirkis að fjárhæð 500 þ.kr.. Ráðist var í endurnýjun lýsingar í laugarsal og telja verður eðlilegt að kannað verði með endurgreiðslu á þeim kostnaði frá Fasteignastofu.

Tekjur urðu um 500 þ.kr. lægri en áætlað var. Við samanburð á tekjum undangenginna þriggja ára er ljóst að fjármálastjóri hefur gert of háa tekjukröfu til starfseminnar.

Forstöðumaður hefur skilað tillögum um viðbrögð við halla og er þeim vísað til framkvæmdastjóra.

Breiðholtslaug (I5030)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 23.946.589. Rekstrarniðurstaða varð 29.366.329, eða 5.419.740 hærri en áætlað var (+22,63%). Halli ársins 2001 var 1,3 m.kr. og uppsafnaður halli er 6,7 m.kr.

Heildarrekrargjöld voru áætluð 69.396.589 en urðu 76.388.416. Heildartekjur voru áætlaðar 45.450.000 en urðu 47.022.087.

Undangengin fjögur ár hefur verið halli á rekstri Breiðholtslaugar. Forstöðumaður hefur bent á að fjárveiting til starfseminnar sé of lág og ekki sé unnt að reka starfsemina miðað við núverandi þjónustustig.

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Kostnaður við viðhald var mikill og var ráðist í mörg viðhaldsverkefni sem ekki var gert ráð fyrir.



- Kostnaður sem gjaldfærður var á rekstur vegna framkvæmda við rennibraut nemur um 1,1 m.kr. Lagt er til að þessir fjármunir verði endurkrafðir hjá Fasteignastofu.

Forstöðumaður hefur skilað tillögum um viðbrögð við halla og er þeim vísað til framkvæmdastjóra.

Athugasemd:

Ef litið er til þróunar rekstrarkostnaðar undangengin ár kemur í ljós að mikil hækkun verður í öðrum kostnaði en launum árið 2002. Ekki hefur verið gerð fullnægjandi grein fyrir þeirri miklu hækkun sem orðin er. Í skýringum forstöðumanns kemur fram að ráðist hafi verið mörg viðhaldsverkefni sem ekki hafi verið gert ráð fyrir. Það er skýrt í reglum um fjárveitingar að ekki er gert ráð fyrir viðhaldskostnaði við mannvirki í rekstrarramma fyrir starfsemi á vegum ÍTR. Ítrekað skal af þessu tilefni að ákvarðanir um stórfellt viðhald án fjárheimilda verða að fá heimild framkvæmdastjóra ÍTR.

Ljóst er að erfitt verður fyrir reksturinn að bera þann halla sem birtist í afkomu ársins 2002. Því er lagt til að gerð verði heildarúttekt á rekstrinum, gerð ítarleg greining á kostnaðaruppbyggingu í rekstrinum og gerð ný fjárhagsáætlun fyrir starfseminni með tilliti til þess þjónustustigs sem starfsemin á að byggjast á.

Íþróttahúsið Austurberg (I5031)

Rekstrartekjur umfram kostnað voru áætlaðar 3.781.257. Rekstrarniðurstaða varð að tekjur urðu 1.838.017 hærri en gjöld, eða 1.943.240 lakari en áætlað var.

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 14.638.743 en urðu 13.386.980. Heildartekjur voru áætlaðar 18.420.000 en urðu 15.224.997.

Frávik eru frá kostnaðaráætlun. Ljóst er að áætlun vegna íþróttahússins er ekki nægilega vönduð og eru frávik þess eðlis að ætla má að áætlun sé ekki í samræmi við kostnaðarmyndun í rekstri íþróttahússins annars vegar og sundlaugarinnar hins vegar. Vísað er til tillagna fjármálastjóra varðandi kostnaðarstað I5030.

Forstöðumaður hefur skilað tillögum um viðbrögð við halla og er þeim vísað til framkvæmdastjóra.

Árbæjarlaug (I5040)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 42.912.254. Rekstrarniðurstaða varð 37.483.100, eða 5.429.154 lægri en áætlað var (-12,65%).

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 121.662.254 en urðu 115.517.371. Heildartekjur voru áætlaðar 78.750.000 en urðu 78.034.271.

Rekstrarárangur Árbæjarlaugar er sérstaklega góður. Stjórnendum og starfsmönnum hefur tekist að koma á jafnvægi í rekstri mannvirkisins og hefur tekist að lækka rekstrarframlag borgarinnar til starfseminnar. Væntingar eru til þess að starfsemin sé nú komin í jafnvægi og að rekstrarkostnaður á hvern gest lækki til framtíðar.

Forstöðumaður hefur skilað tillögum um ráðstöfun afgangss og er þeim vísað til framkvæmdastjóra.

Athugasemdir:

Varðandi tillögu um eingreiðslu til starfsmanna þá er það mjög umdeilt að eingreiðsla með þessum hætti skili sér í raun sem umbun þannig að starfsmennirnir upplifi tenginguna við árangurinn. Mikilvægt er að vanda sérstaklega til þess hvernig starfsmönnum er umbunað fyrir árangur.

Hvað varðar tillögu um kaup á búnaði þarf sérstaklega að skoða hvaða fyrirkomulag er á kaupum á búnaði með tilliti til eignfærslu búnaðarins og þar með hækkunar á leigu fyrir mannvirkið sem myndi hækka kostnað til lengri tíma litið.

Grafarvogslaug (I5050)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 32.151.244. Rekstrarniðurstaða varð 34.322.133, eða 2.170.889 hærri en áætlað var (+6,75%).



Heildarrekstrargjöld voru áætluð 76.561.244 en urðu 84.482.102. Heildartekjur voru áætlaðar 44.410.000 en urðu 50.159.969.

Í skýringum forstöðumanns kemur eftirfarandi fram:

- Aukinn orkukostnaður vegna stækkunar laugasvæðis og rennibrauta 1,0 m.kr.og klór og sápa 400 þ.kr. sem er varanlegur kostnaðarauki
- Kostnaður vegna frágangs við byggingu rennibrautar nemur yfir 2,0 m.kr.
- Kostnaður er ranglega færður á laug annars vegar og íþróttahús hins vegar.

Athugasemdir:

Það eru ákveðin vonbrigði að aukin gestafjöldi í Grafarvogslaug skuli ekki skila betri afkomu í rekstri. Heildarrekstrarkostnaður við laugina er um 9,0 m.kr. hærri en rekstrarkostnaður Breiðholtslaugar og tekjur um 3,0 m.kr. hærri. Undanfarin ár hefur skýringin á lágrí þekingu tekna í Grafarvogslaug verið sú að kostnaðaráætlun innihaldi mjög hátt hlutfall fasts kostnaðar og umfang kostnaðar sé í raun miðað við miklu fleiri gesti en í raun nýta laugina. Því hefði mátt gera ráð fyrir að jaðartekjur af aukningu gesta í Grafarvogslaug yrðu veruleg en eru í raun neikvæð þar sem beinn jaðarkostnaður er við hvern viðbótargest. Á móti má segja að hluti af þeim kostnaði sem gjaldfærður hefur verið á rekstur sé til kominn vegna þess að Fasteignastofa tryggði ekki frágang mannvirkisins eins og nauðsynlegt var.

Tryggja þarf betri aðskilnað gjald- og tekjufærslu á laug og íþróttahús þar sem skekkja er í núverandi niðurstöðu. Með tilliti til þessa er lagt til að gerð verði endurkrafa á Fasteignastofu vegna útlagðs kostnaðar við mannvirkið og að fjárhagsáætlun verði tekin upp með kröfu um aukna þekingu tekna.

Íþróttahús í Grafarvogi (I5051)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 1.951.934. Rekstrarniðurstaða varð 339.053 hærri tekjur en gjöld, eða 2.290.987 lægri en áætlað var. Afgangur frá fyrra ári var 771 þ.kr. og því er uppsafnaður afgangur um 3,1 m.kr.

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 22.271.936 en urðu 20.016.247. Heildartekjur voru áætlaðar 20.320.002 en urðu 20.355.300.

Hér hefur náðst góður árangur í að draga úr kostnaði. Nauðsynlegt er að koma á fullum aðskilnaði tekju- og gjaldfærslu á milli laugar og íþróttahúss.

Forstöðumaður hefur skilað tillögum um tillögum um ráðstöfun afgangss og er þeim vísað til framkvæmdastjóra.

Íþróttamiðstöðin Klébergi (I5060)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 8.789.810. Rekstrarniðurstaða varð 11.524.662, eða 2.734.852 hærri en áætlað var (+31,11%). Halli fyrra árs nam 778.745 og því er uppsafnaður halli 3.513.597.

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 14.089.810 en urðu 16.350.646. Heildartekjur voru áætlaðar 5.300.000 en urðu 4.825.984.

Ekki bárust skýringar frá forstöðumanni vegna rekstrarniðurstöðu.

Athugasemdir:

Rekstur íþróttamiðstöðvarinnar Klébergs er mjög mikið áhyggjuefni af hálfu ÍTR. Halli frá fyrra ári nam 788 þ.kr. og því er uppsafnaður halli um 3,5 m.kr. Kostnaður (áður en tekið er tillit til tekna) hefur vaxið hratt allt frá árinu 1999. Á verðlagi hvers árs hefur kostnaður farið úr 10 m.kr. í 16 m.kr. árið 2002.

Miðað við það þjónustustig sem ÍTR er ætlað að halda uppi í þessu mannvirki miðað við yfirlýsingar vegna sameiningar sveitarfélaganna liggur fyrir að fjárveiting til starfseminnar er allt of lág. Þá hefur verið aukin þjónusta við nemendur Klébergsskóla sem ekki hefur verið greitt að fullu fyrir.

Með tilliti til rekstrarniðurstöðu ársins 2002 er lagt til að óskað verði eftir aukafjárveitingu vegna uppsafnaðs halla að fjárhæð 3,5 m.kr. og leitað verði leiða til að koma rekstri íþróttamannvirkja á svæðinu í hagkvæmara rekstrarform og leita eftir aukafjárveitingu vegna rekstrar 2003.



Ylströnd í Nauthólsvík (I5080)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 11.650.000. Rekstrarniðurstaða varð 13.301.656, eða 1.651.656 hærri en áætlað var (+14,18%).

Sumarið 2002 var fyrsta heila sumarið í rekstri. Skýringar forstöðumanns á frávikum eru eftirfarandi:

- Launakostnaður varð 1,7 m.kr. hærri en áætlað var. Óhagkvæmt vinnufyrirkomulag var í starfseminni og hefur það verið tekið til endurskoðunar og komið verður upp föstu vaktakerfi sem minnkar kostnað vegna yfirvinnu.
- Annar rekstrarkostnaður varð um 2,0 m.kr. hærri en áætlað var meðal annars vegna vinnu sem nauðsynlegt reyndist að ráðast í vegna vottunar Evrópusambandsins, svo nefnt Bláflagg.

Laugardalshöll (I5200)

Rekstrartekjur umfram gjöld voru áætlaðar 3.699.581. Rekstrartekjur umfram gjöld urðu 1.395.395, eða 2.304.186 lægri en áætlað var. Halli frá fyrra ári nam um 1,2 m.kr. og uppsafnaður halli því um 3,5 m.kr.

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 25.590.419 en urðu 31.775.317. Heildartekjur voru áætlaðar 29.290.000 en urðu 33.170.712.

Tekjuaukning varð veruleg og gáfu fyrirheit um að markmið í rekstri myndu nást. Ljóst er að væntingar um tekjur voru of miklar og ráðist var í of mikil útgjöld á grundvelli væntinga.

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Launakostnaður varð 3,6 m.kr. hærri en áætlað var. Árið 2001 var launakostnaður lægri vegna langtímaveikinda en nauðsynlegt reyndist að ráða í stöðuna á árinu 2002.
- Forstöðumaður vanáætlaði gjöld m.t.t. breytinga sem urðu á framsetningu áætlunar þegar fjárveiting vegna brunatryggingar og fasteignagjalda var flutt til Fasteignastofu.

Forstöðumaður hefur skilað tillögum um viðbrögð við halla og er þeim vísað til framkvæmdastjóra.

Athugasemdir:

Uppsafnaður halli tveggja ára nemur nú um 3,5 m.kr. sem er um 10% af veltu Laugardalshallar. Þegar litið er yfir kostnaðar- og tekjusetningu starfseminnar kemur í ljós að starfsemin er mjög háð breytilegum tekjum. Með tilliti þeirra markmiða sem sett hafa verið um að rekstur Laugardalshallar verði fluttur í annað rekstrarform og hverfi út úr reikningsskilum ÍTR er lagt til að fjárhagsáætlun starfseminnar verði endurskoðuð frá grunni og sett markmið um hvernig skuli endurgreiða uppsafnaðan halla.

Skíðasvæði (I6500, I6600, I6700)

Reikningshald skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins hefur verið fært út úr reikningsskilum ÍTR í sjálfsstætt fyrirtæki í Agresso fjárhagsbókhaldi Reykjavíkurborgar. Gerður verður sjálfstæður ársreikningur vegna þessarar starfsemi og er vísað til skýringa með honum.

Annað

Hátíðarhöld 17. júní (I8000)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 16.020.000. Rekstrarniðurstaða varð 17.781.272, eða 1.761.272 hærri en áætlað var (+11,0%). Halli frá fyrra ári nam 1,2 m.kr. og er því uppsafnaður halli um 3,0 m.kr.

Skýringar ábyrgðarmanna verkefnisins eru eftirfarandi:

- Ábyrgðarmenn verkefnisins gerðu þjóðhátíðarnefnd grein fyrir skertum fjárveitingum og halla frá fyrra ári og lögðu til skerðingu á dagskrá. Það var ekki samþykkt án þess að tryggja auknar fjárheimildir.
- Óveður gerði á þjóðhátíðardaginn og fór nokkur kostnaður í að bjarga munum frá tjóni.



Athugasemdir:

Kostnaður við framkvæmd þjóðhátíðar á 17. júní hefur á undanförunum árum undantekningarlaust farið fram úr fjárheimildum. Það hefur verið markmið stjórnenda hátíðarhaldanna að draga úr launakostnaði en hann hefur nú farið vaxandi auk þess sem verktakagreiðslur hafa verið að færast í vöxt.

Veldur þetta því að nú er uppsafnaður halli orðin 3,0 m.kr. sem telja verður erfitt að greiða niður af fjárveitingu ársins. Lagt er til að fjárveiting til ráðstöfunar á árinu 2003 verði lækkuð um 1,0 m.kr. til innborgunar á uppsöfnuðum halla.

Mikilvægt er að mótuð verði stefna um hvernig standa skuli að framkvæmd hátíðahalda á 17. júní, tryggja starfseminni fjárheimildir og tengja þóknun til stjórnenda við fjárhagslega afkomu.

Fólkvangur (I8250)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 487.854. Rekstrarniðurstaða varð 691.141 eða 41,7% hærri en áætlað var. Uppsafnaður halli fyrir árin 2001 og 2002 er 821.137.

ÍTR rekur ekki starfsemi á eigin vegum í húsinu og er það notað af félagasamtökum á Kjalarnesi auk þess sem húsið hefur verið leigt út fyrir einstaka veislur. Varðandi rekstrarform og rekstrargrundvöll er vísað um umfjöllun um Klébergslaug.

Skýringar bárust ekki frá forstöðumanni.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn (I8400)

Á árinu 2000 var gerður þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og rekstrarstjórnar garðsins og starfsmanna. Þessi þjónustusamningur kveður á um þjónustustig og að frávík frá fjárhagsáætlun skuli flytja milli ára.

Rekstrarhalli varð um 2,3 m.kr. og er það betri afkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Uppsöfnuð staða eftir þrjú ár af rekstrarsamningi er þannig að rekstrarafgangur er um 4,1 m.kr.

Það er mat ÍTR og stjórnar garðsins að þetta rekstrarfyrirkomulag hafi gefist vel í öllum megin atriðum.

Sameiginlegur kostnaður (I8460)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 18.326.232. Rekstrarniðurstaða varð 26.027.623 eða 7.701.391 hærri en áætlað var (+42%).

Á þennan kostnaðarstað hefur verið færður ófyrirséður kostnaður sem tengst hefur starfsemi ÍTR en ekki verið gert ráð fyrir með beinum hætti innan neins kostnaðarstaðar. Má hér nefna kostnað vegna smartkortaverkefnis ÍTR, sameiginlegan kostnað vegna innleiðingar nýs launakerfis, sameiginlegan kostnað við rekstur þjónustu fræðsluseturs á F-11 o.s.frv. Einnig er hluti halla ársins 2001 sem ekki var talið eðlilegt að lenti á viðkomandi kostnaðarstað færður hér.

Tæknideild (I8460)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 5.000.000. Rekstrarniðurstaða varð 8.843.814 eða 3.843.814 hærri en áætlað var (+76,88%).

Athugasemdir:

Tæknideild ÍTR var stofnuð haustið 2001 og var hlutverk hennar í byrjun að sjá um rekstur nærkerfa í tölvumhverfi stofnunarinnar. Fljótlega kom krafa um virka þátttöku starfsmanna deildarinnar í mótun starfsemi sem tengist heildarumhverfi tölvumála Reykjavíkurborgar auk þess sem í ljós kom að þörf fyrir aðstoð á starfsstöðum ÍTR á sviði tölvumála var mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Hér hefur einnig verið gjaldfærður rekstrarkostnaður vegna miðlægra kerfa en gert er ráð fyrir því að notendur muni í auknum mæli greiða fyrir afnot af miðlægri þjónustu og því er unnið að því að kostnaðar vegna miðlægra kerfa verði færður þar sem notkunin á sér stað.



Bundnir liðir

Frístundaheimili (7100)

Veitt var aukafjárveiting til reksturs frístundaheimila í níu skólum í Reykjavík. Þessir skólar eru staðsettir í borgarhlutum 1 og 3. Fjárveiting vegna haustannar nam 21.400.000 en rekstrarniðurstaða varð 24.167.454 eða 2.767.454 hærri en áætlað var (+12,93%).

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Með tilkomu frístundaheimilanna var gert ráð fyrir að þau fengju afnot af þeim búnaði sem nýttur hafði verið í skólunum fyrir fyrri starfsemi heilsdagsskóla. Þetta fékkst ekki á mörgum stöðum og varð að leggja út í kostnað vegna þessa eða sem nemur 793.553 kr. Eðlilegt getur talist að hvert frístundaheimili endurnýji búnað sinn að einhverju leiti á hverri önn um því sem samsvarar 50.000 kr. Ekki er vitað með vissu hvernig framhaldið verður og gera þarf ráð fyrir fjármagni í stofnkostnað af fenginni reynslu.
- Í búnaðarþörf var gert ráð fyrir að starfsmenn frístundaheimilanna fengju aðgang að tölvubúnaði en það gekk ekki eftir. Kostnaður vegna þessa var kr. 954.530. Það er fyrirséð að nauðsynlegt er að gera ráð fyrir kostnaði vegna þessa í framtíðinni.
- Þar sem ráða þurfti u.þ.b 50 starfsmenn á skömmum tíma, fór mikill kostnaður í auglýsingar eða 294.602. Ekki er ástæða að gera ráð fyrir því sem stofnkostnaði.
- Þar sem ekki fékkst húsnæði undir frístundaheimilin í Vesturbæjarskóla var brugðið á það ráð að koma því fyrir í húsnæði Fræðslumiðstöðvar að Vesturvallagötu 10-12. Það húsnæði þarfnaðist lagfæringa og var kostnaðurinn vegna þessa kr. 660.409.
- Þar sem húsnæði í Grandaskóla og Melaskóla reyndist of lítið fyrir þann fjölda barna sem þar voru vistuð var leigt húsnæði af Skátafélaginu Ægisbúum fyrir kr.410.000. Gera má ráð fyrir að sá kostnaður verði viðvarandi á meðan ekki fæst bót á húsnæðismálum.

Halli flyst ekki á milli ára þar sem um bundinn lið er að ræða.